

Viljayfirlýsing

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra lýsa yfir vilja sínum til frekari uppbyggingar á Akureyrarflugvelli sem hliði inn til landsins í þágu svæðisins og íslenskrar ferðaþjónustu.

Góðar aðstæður eru til uppbyggingar á fluggátt til landsins á Akureyrarflugvelli og töluverð reynsla komin á hana. Því hefur verið unnið að því að efla Akureyrarflugvöll fyrir millilandaflug, fyrst með lengingu flugbrautarinnar og síðan með uppsetningu á blindaðflugsbúnaði (ILS). Samhliða hefur verið unnið að því um árabíl að markaðssetja Norðurland og um leið að styðja við uppbyggingu nýrra flugleiða, m.a. með aðkomu flugþróunarsjóðs.

Verkefnum verði forgangsraðað m.t.t. öryggissjónarmiða og tækifæra í ferðaþjónustu. Í flugstefnu kemur fram að stutt verði við uppbyggingu Akureyrar- og Egilstaðaflugvalla sem alþjóðlegra fluggátta. Því verður stefnt að uppbyggingu Akureyrarflugvallar sem gáttar inn í landið með stækkun og endurbótum á flugstöðinni í samræmi við þarfir ferðaþjónustunnar.

Með hliðsjón af áætlunum og árangri af markaðssetningu Norðurlands sem áfangastaðar fyrir erlendra ferðamenn og spám um þróun á því sviði verði lagt mat á þörf fyrir aðstöðu og þjónustu í flugstöð á Akureyrarflugvelli. Aðgerðahópi skipaður fulltrúum ráðuneytanna tveggja, Akureyrarbæjar, Eyþings, ferðaþjónustunnar á Norðurlandi og Isavia verði falið að:

- Gera tillögu um endurbætur á flugstöðinni til næstu framtíðar í samræmi við hugmyndir Isavia um stækkun og endurbætur á núverandi aðstöðu í samræmi við þarfir.
- Taka saman upplýsingar um áform og markaðssetningu ferðaþjónustunnar á Norðurlandi einkum þá sem nýtist við að markaðssetja Norðurland sem áfangastað með flugi. Taka saman upplýsingar um áfangastaði, fjölda og dreifingu ferðamanna eftir árstíðum.
- Stilli upp kostnaðargreindum sviðsmyndum um stækkun og endurbætur mannvirkja og þjónustu í samræmi við niðurstöður samkvæmt b-lið.
- Ljúka störfum fyrir 31. mars 2020.

18. desember 2019

Sigurður Ingi Jóhannsson

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir

Ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra